

Fjallskilaseðill 2012

Á fundi Fjallskilastjórnar Hrútfirðinga þann 6. ágúst 2012 var samþykkt að haustið 2012 skuli búfjáreigendur þeir er standa að fjallskilum Hrútfirðinga gera fjallskil sem hér segir:

Fyrsta leit fari fram fimmtudaginn 6. og föstudaginn 7. september og réttað verði að morgni laugardagsins 8. september. Leit skal haga þannig að allt svæðið, þ.e. bæði heiðin og Meladalur skulu smöluð á sama tíma.

Kl. 12 á hádegi fimmtudaginn 6. september skulu 7 leitarmenn vera ferðafærir við Bláhæð. Verkefni þeirra verður að smala fremsta hluta heiðarinnar. Eftirtalin bú leggi til þessa menn:
Eyjanes 2 menn, Reykir II 2 menn, Akurbrekka 1 mann, Þróroddsstaðir 1 mann og Óspaksstaðir 1 mann.

Að kvöldi fimmtudagsins 6. september skulu vera mættir 20 leitarmenn í leitarmannaskála. Eftirtalin bú leggi til þessa menn:
Jaðar 1 mann, Tannstaðabakki 1 mann, Eyjanes 2 menn, Reykir II 4 menn, Akurbrekka 2 menn, Þróroddsstaðir 2 menn, Brautarholt 1 mann, Hvalshöfði 1 mann, Bálkastaðir I 1 mann, Hrútatunga 1 mann, Staður 1 mann, Óspaksstaðir 2 menn og Foss 1 mann.

Að morgni föstudagsins 7. september kl. 8.00 skulu vera mættir 5 leitarmenn við Bláhæð. Eftirtalin bú leggi til menn:
Eyjanes 2 menn, Akurbrekka 1 mann, Þróroddsstaðir 1 mann og Óspaksstaðir 1 mann.

Fjallkóngur 1. leitar er Þorsteinn á Reykjum.

Réttarstörf hefjast kl. 9.00 laugardaginn 8. september.

Réttarstjóri í Hrútatungurétt verði Gunnar í Hrútatungu og marklýsingamenn Aðalheiður á Reykjum og Matthildur á Þróroddsstöðum.

Skilamaður í Miðfjarðarrétt verði Hafdís á Hvalshöfða.

Hross verða rekin til réttar í annarri leit.

Æeskilegt er að leitarmenn séu klæddir litsterkum hlífðarfötum á meðan leit stendur.
Munið eftir skærliðu vestunum, þið sem hafið þau!

Önnur leit fari fram laugardaginn 15. september, nema veður hamli. Leitarmenn skulu vera ferðafærir kl. 8.30 við Leirhnjúk.

Eftirtalin bú leggi til menn, alls 15, þar af 3 á Meladal:

Tannstaðabaki 1 mann, Eyjanes 2 menn, Reykir II 2 menn, Akurbrekka 1 mann, Þóroddsstaðir 1 mann, Brautarholt 1 mann, Hvalshöfði 1 mann, Bálkastaðir 1 1 mann, Hrútatunga 1 mann og Óspaksstaðir 1 mann.

Á Meladal: Reykir II 1 mann, Eyjanes 1 mann og Akurbrekka 1 mann.

Fjallkóngur seinni leitar verði Árni á Bálkastöðum.

Akstur á fé frá hliði við Síká í annari leit: Búið á Reykjum II.

Akstur á fé úr Dæld í annari leit: Eyjanesbúið.

Heimalandasmalanir verði tvær. Sú fyri fari fram laugardaginn 29. september og skilarétt fari fram sunnudaginn 30. september og hefjist kl. 10.00. Seinni heimalandasmölun fari fram laugardaginn 20. október og segi menn til fjár er fram kemur þá.

Skilamaður í skilarétt Miðfirðinga verði Gunnar á Þóroddsstöðum.

Fjallskilastjórn Hrútfirðinga,
Matthildur Hjálmarsdóttir,
Ásgeir Sverrisson,
Jóhann Böðvarsson.